

Fundargerð 11. fundar

Verkefnastjórnar hjúkrunarheimilisins að Sólvangi.

Árið 2016, fimmtudaginn 18. febrúar, kl. 16:00 kom verkefnastjórn hjúkrunarheimilisins saman að Strandgötu 6, Hafnarfirði.

Fundinn sátu: Helga Ingólfssdóttir, formaður, Guðlaug Kristjánsdóttir, Elísabet Valgeirsdóttir, Gylfi Ingvarsson, Sigurður P. Sigmundsson, Birna Ólafsdóttir og Þórdís Bakkmann Kristinsdóttir. Að auki sátu fundinn Sigurður Haraldsson, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagsþjónustu og Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri fjölskylduþjónustu sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Samþykkt án athugasemda.

2. Hafðu áhrif á efri árin.

Samantekt íbúafundar, sjá viðhengi. Ríflega 100 manns mættu til fundarins og komu þar fram gagnlegar upplýsingar sem unnið verður að áfram. Niðurstöðum fundarins verður vísað til fjölskylduráðs til áframhaldandi vinnslu. Ákveðið að fá Öldungaráðsfulltrúa á næsta fund fjölskylduráðs.

3. Auglýsing vegna verkefnastjóra.

Auglýsing fór um síðustu helgi og er á heimasíðu Hafnarfjarðarbæjar. Umsóknarfrestur er til 29. febrúar n.k.

Verið að ganga frá samningi við STH-teiknistofu ehf og Landmótun ehf varðandi hönnun.

4. Staðan á viðræðum við heilbrigðisráðherra.

Bæjarstjóri fer á fund ráðneytisins 26. feb. n.k. til viðræðna um breytingar varðandi verðbætur og rýmisbreytingar. Leiðréttur samningur ætti að liggja fyrir í framhaldi af þeim viðræðum.

5. Nýting Sólvangs. Teikningar og grunnmyndir lagðar fram.

Rætt um fyrirhugaða þjónustueiningu í Sólvangshúsinu og hve mikið rými er nauðsynlegt fyrir stoðþjónustu. Nauðsynlegt er að áætla þörf fyrir rými, ræða þarf við heilsugæsluna varðandi þarfir þeirra fyrir húsnæði o.fl.

6. Rekstrarmódel.

Ákveðið að óska eftir gerð skýrslu um rekstrarlegar áætlanir fyrir starfsemi hjúkrunarheimilisins sambærilegt við það sem gert var í september 2013 af fyrri verkefnastjórn. Settar verði inn nýjar breytur sem samræmast þeim áætlunum sem nú eru fyrir hendi.

Fundi slitið kl. 17:00

